

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis - og þjónustugjöld í Vesturbyggð.

I. KAFLI

Gildissvið og gjaldtökuheimild.

1. gr.

Almenn heimild.

Heimilt er að taka gjald fyrir veitta þjónustu og verkefni byggingarfulltrúa, m.a. fyrir undirbúning, svo sem vegna nauðsynlegrar aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, útgáfu byggingarleyfis, útgáfu stöðuleyfa, útmælingu, eftirlit, úttektir, yfirferð hönnunargagna og vottorða sem byggingarfulltrúi lætur í té skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010.

Samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að taka gjald vegna skipulags- og framkvæmdaleyfa skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.

II. KAFLI

Byggingarleyfisgjald.

2. gr.

Flokkun bygginga og gjaldskrá.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Þó skal ekki innheimta byggingarleyfisgjald fyrir byggingar sem eru 7 m² eða minni, nema um viðbyggingar sé að ræða.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er lögboðin meðferð byggingarleyfiserinda, yfirferð teikninga og reglubundið eftirlit.

Vegna málsmeðferðar tilkynnta framkvæmda, skv. 2.3.5 og 2.3.6 gr. í byggingarreglugerð, greiðist afgreiðslugjald kr. 56.398. Innifalið í gjaldi er móttaka og varðveisla gagna, yfirferð m.t.t. samræmis við skipulag og skráning í fasteignaskrá.

Byggingarleyfisgjald samkvæmt eftirfarandi töflu skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis:

	<i>Tegund byggingar</i>	<i>Grunngjald</i>	<i>m³ gjald</i>
A.	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum í þéttbýli	54.426kr.	409 kr.
B.	Íbúðarhúsnæði og aðrar byggingar á íbúðarlóðum utan þéttbýlis	54.426 kr.	273 kr.
C.	Iðnaðarhúsnæði	108.851 kr.	218 kr.
D.	Atvinnuhúsnæði, verslun, þjónusta o.þ.h.	163.274 kr.	409 kr.
E.	Sérhæfðar byggingar fyrir opinberar stofnanir, félagsheimili, samkomuhús o.þ.h.	163.274 kr.	409 kr.
F.	Minniháttar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir	14.752 kr.	74 kr.
G.	Útihús á lögbylum	29.503 kr.	147 kr.
H.	Stækkun húsnæðis, viðbyggingar, bílskúrar o.þ.h. 60 m ² eða minna	54.426 kr.	409 kr.
I.	Niðurrif húsa	14.015 kr.	0 kr.
J.	Endurnýjun eldra byggingarleyfis	14.015 kr.	0 kr.

III. KAFLI
Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

3. gr.

Gjaldskrá.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld samkvæmt eftirfarandi töflu eru með gjalddaga 30 dögum eftir að þjónusta er veitt:

<i>Tegund þjónustu</i>	<i>Gjald</i>	<i>Athugasemd</i>
A. Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfisráðs og byggingarfulltrúa, skipulagt svæði	19.113 kr.	
B. Útgáfa stöðuleyfis, ásamt eftirliti og úttekt byggingarfulltrúa, sem leiðir af veitingu stöðuleyfis fyrir hjólhýsi, gáma o.þ.h. og aðrar afgreiðslur skipulags- og umhverfisráðs og byggingarfulltrúa, utan skipulagðs svæðis	51.379 kr.	
C. Lóðarúthlutunargjald	42.046 kr.	óendurkræft
D. Fokheldisvottorð	16.819 kr.	
E. Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	49.055 kr.	
F. Eignaskiptayfirlýsing, hver umfjöllun	56.064 kr.	
G. Önnur vottorð	28.033 kr.	
H. Endurskoðun aðaluppdráttar	28.033 kr.	
I. Stofnun fasteigna í Þjóðskrá Íslands	28.033 kr.	
J. Aukaúttekt byggingarfulltrúa	49.055 kr.	
L. Gjald fyrir framlengingu lóðarúthlutunar	28.033 kr.	
M. Fyrir útgáfu lóðarleigusamnings	28.033 kr.	
N. Fyrir breytingu á lóðarsamningi	28.033 kr.	
O. Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	28.033 kr.	
R. Fyrir hverja útsetningu lóðar/húss á mælingu	tilboð.	
S. Vottorð um byggingastig húsa	28.033 kr.	
T. Skráning matshluta í Þjóðskrá Íslands	28.033 kr.	
U. Aðalskipulag, afgreiðslugjald	12.614 kr.	á klst.
V. Deiliskipulag, afgreiðslugjald	12.614 kr.	á klst.
X. Byggingarfulltrúi, tímagjald	14.016 kr.	á klst.
Y. Útkall byggingarfulltrúa	14.016 kr.	á klst.
Z. Afgreiðslugjald byggingarleyfa	19.113 kr.	

IV. KAFLI

Gjaldtaka á grundvelli skipulagslaga

4. gr.

Meginreglur.

Aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skal greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum og kynninga vegna málsins, að undanskildnum auglýsingakostnaði. Bæjarstjórn getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið. Þegar álit Skipulagsstofnunar skv. lögum nr. 106/2000 með síðari breytingum er nauðsynlegt vegna framkvæmdar, telst kostnaður sveitarfélagsins vegna þess, hluti af kostnaði við undirbúning leyfis.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 13.926 kr. án virðisaukaskatts eða gjald skv. reikningi.

5. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um byggingarleyfi, framkvæmdaleyfi og skipulagsbreytingar. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við móttöku og yfirferð erindisins. Gjaldið er ekki endurkræft þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: Kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og vegna annarrar umsýslu.

Breytingarkostnaður: Kostnaður sem fellur til innan sveitarfélags við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppráttum.

6. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

Afgreiðslugjald.

Breyting á aðalskipulagsupprætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga, viðmiðunargjald, án vsk.	17.300	kr./klst.
--	--------	-----------

Umsýslu- og auglýsingakostnaður.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga	50.455	kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga	25.230	kr.

7. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

15.1 Nýtt deiliskipulag.

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk.	17.300	kr./klst.
--	--------	-----------

Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga	50.455	kr.
---	--------	-----

15.2 Verulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk.	17.300	kr./klst.
---	--------	-----------

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna verulegra breytinga, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	50.455	kr.
---	--------	-----

15.3 Óverulegar breytingar.

Breyting á deiliskipulagsupprætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga – vinna skv. reikningi, án vsk.	17.300	kr./klst.
---	--------	-----------

Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna óverulegra breytinga, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	25.230	kr.
--	--------	-----

15.4 Grenndarkynning.

Grenndarkynning	78.033	kr.
-----------------	--------	-----

8. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald	60.000	Kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald	135.040	kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	64.185	kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	25.230	kr.

V. KAFLI

Greiðsluskilmálar og gildistaka

9. gr.

Greiðsluskilmálar.

Innheimta skal byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir. Byggingarleyfi öðlast gildi við greiðslu byggingarleyfisgjalds. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfissskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld skv. 9. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

10. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Vesturbyggðar skv. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Fjárhæðir samkvæmt gjaldskrá þessari taka breytingum fyrsta hvers mánaðar samkvæmt breytingum á vísitölu byggingarkostnaðar, 157,2 stig í október 2021 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

Samþykktin öðlast gildi 1. janúar 2022 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi á sama tíma samþykkt um byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Vesturbyggð nr. 1461/2020.

Vesturbyggð, 16. desember 2021.

